

## 3. gr.

24. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum og refsingu skv. 42. og 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2001.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi landspíldu úr lögbýlinu Bjargi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi sem felst í því að reitur nr. 1 frá deiliskipulagi árituðu 13. júlí 2000 færist um 14 m í vestur og 13 m í suður.

Breyting á deiliskipulaginu hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga. Breyting á skipulaginu hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind breyting á deiliskipulaginu öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 25. janúar 2001.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður P. Harðarson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Suðurrhólar 10, Hólabrekkuskóli – breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurrhóla 10 - Hólabrekkuskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vatnagarðar 22 – breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða 22.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.